

Gunnlaugur Ingólfsson:

Mállýskuorð

Sá sem ætlaði sér að rannsaka staðbundið orðafar, orð og merkingar í orðabók Blöndals þyrfti að taka sér ríflegt frí frá öðrum störfum á meðan. Hann yrði að lesa allt verkið og tína út þau atriði sem þar eru talin sérmál héraðs, sýslu eða sveitar og væri slíkt verk eitt ærið. Þetta efni þyrfti svo að bera saman við allar tiltækar heimildir um staðbundið orðafar. Ef hann vildi svo forvitnast um hvernig þessum málum væri háttað nú í okkar kynslóð, yrði hann að takast á hendur ferðalög með ærnum tilkostnaði og erfiði sem því fylgir því að samgöngur hér á landi hafa löngum verið örðugar, og eru enn þó að bílaöld hafi staðið nú í nokkrar kynslóðir. Til undirbúnings þessa pistils hefur slíkt verk ekki verið unnið en þess í stað freistað að gera nokkra grein fyrir aðföngum Sigfúsar í þann þátt orðabókarinnar sem lýtur að staðbundnu orðafari og drepíð á tvær athuganir sem gerðar hafa verið með samanburði við orðabók Blöndals. Einnig verður vikið að viðhorfi Sigfúsar Blöndals sjálfs til þessa þáttar í orðabókarverkinu.

Í formála að orðabókinni gerir Sigfús m.a. grein fyrir því orðafari sem hann hefur safnað úr mæltu máli og auðkennt sérstaklega, þ.e.a.s. talmáli og alþýðumáli, sem hann nefnir svo, og orðafari, orðum, merkingum og orðatiltækjum, sem bundin eru tilteknum svæðum. Sá sem blaðar um stund í orðabók Blöndals, grípur niður í hana hér og hvar eða notar um skeið rekst fljótlega á ýmsar skammstafanir við einstök orð og merkingar. Hann finnur þar t.d. styttingar eins og Af., Hún. og Vestm. og sér í styttingaskránni aftan við heimildaskrána að þetta þýðir Austfirðir, Húnavatnssýsla og Vestmannaeyjar. Ef betur er að gáð sést að þessar skammstafanir ná yfir allt landið, ef svo má segja, þ.e. landsfjórðunga alla, flestar sýslur, mörg hérað, einstakar sveitir og kaupstaði.¹ Sigfús getur þess í formálanum að frá upphafi orðabókarverksins hafi hann lagt sig fram um að safna orðum úr mæltu máli. Í Kaupmannahöfn hafi hann haft kynni af fólki úr öllum landshlutum og safnað á þeim vettvangi talsverðu af slíku efni, einnig hafi hann átt bréfaskipti við vini og kunningja og nefnir þar sérstaklega gamlan vin og skólabróður, Guðmund Björnson landlækni, sem haft hafi mikinn áhuga á orðabókarverkinu frá upphafi og miðlað sér umtalsverðu efni úr mæltu máli.

¹Raunar eru nefndir fleiri staðir í meginmáli bókarinnar en fram kemur í styttingaskrá, t.d. Kjalarnes og Fljót sem reyndar er ekki skammstöfun en ætti engu að síður heima í skránni.

Þegar fram í sótti kom til sögunnar vinur og velgjörðamaður Sigfúsar, Björn Magnússon Ólsen, prófessor við hinn nýstofnaða Háskóla Íslands í Reykjavík. Hann hafði safnað orðum úr mæltu máli um árabíl og fengið styrk úr Carlsbergs-sjóði til að ferðast um landið í því skyni á árunum 1884–1893. Ætlun hans hafði verið að semja yfirgripsmikla orðabók um alþýðumálið á grundvelli slíkrar söfnunar en ýmis önnur vísindastörf, embættisskyldur, svo og hnignandi heilsa, þegar hér var komið sögu, ollu því að hann fékk það verk ekki til lykta leitt með þeim hætti sem hann hafði hugsað sér í öndverðu. Með vitund og vilja Carlsbergs-sjóðsins var ákveðið að Sigfús fengi safn Björns til fullra og frjálsra afnota og að auki fékk hann styrk úr sjóðnum til að vinna úr safni Björns, auka það og fella inn í orðabók sína. Frá miðju ári 1917 og fram til síðsumars 1918 dvaldist Sigfús í Reykjavík og rannsakaði þá m.a. óprentuð orðasöfn í Landsbókasafni og lét orðtaka fyrir sig orðasöfn Hallgríms Scheving þar sem mikið er af orðum úr mæltu máli víðs vegar af landinu. Á þessum tíma var nokkurt starfslíð við orðabókarverkið, þ.á m. Björn Karel Þórólfsson og Þórbergur Þórðarson sem báðir miðluðu orðabókinni efni úr mæltu máli af sínum heimaslóðum og víðar að, og fleiri samverkamenn lögðu efni af mörkum við undirbúning að útgáfu, við ritstjórn og prófarkalestur verksins. Bæði Sigfús og Jón Ófeigsson fengu sendar orðasýrur og skrár og nefnir Sigfús t.d. skaftfellskt orðasafn frá sr. Jóni Jónssyni í Stafafelli og orðasafn úr Vestmannaeyjum frá Þorsteini Jónssyni héraðslækni. Einnig kom orðasafn frá Ólafi Davíðssyni úr fórum Björns M. Ólsens. Eftir Björn látinn komu fram enn fleiri orðasöfn úr mæltu máli, t.d. frá Bjarna Jónssyni kennara í Reykjavík. Aftur nefnir Sigfús sérstaklega að Þórbergur Þórðarson hafi látið í té mikilvægt safn orða úr alþýðumáli,² og enn fremur hafi Jón Helgason og Björn Karel Þórólfsson lagt slíkt efni af mörkum. Jón Ófeigsson hafi að auki fengið í hendur orðasafn úr Þingeyjarsýslu sem Arnór Sigurjónsson skólastjóri hafi tekið saman.

Af öllu þessu má sjá að Sigfús hefur lagt sig mjög eftir því að safna orðafari úr mæltu máli og geta heimilda sinna með þeim hætti að binda tiltekin orð og merkingar við landshluta, sýslur eða sveitir. Hann hefur víðað að sér efni, gömlu og nýju, alls staðar að en reyndar virðist hann hafa fengið einna mest af Suður- og Suðausturlandi. Að fenginni reynslu við orðabókarstarfið slær hann þó þann varnagla að með þessu sé alls ekki fullyrt að orð og merking geti ekki komið fyrir annars staðar og víðar en getið er; mörkunin segi í raun aðeins að orð eða merking sé fengin af tilteknum slóðum. Hér víkur Sigfús að því sem síðari tíma menn hafa reyndar rekið sig á: að staðkennd orð og merkingar í bókinni þekkjust víðar en þar er getið. Kunnugt er t.d. að víða má rekast á orðafar merkt Breiðd. — sumt af því er að líkindum komið frá Stefáni Einarssyni sem vann við bókina um hríð — en samkvæmt fyrirvara Blöndals má einmitt búast við að slíkt efni þekkist víðar um Austfirði og jafnvel í öðrum landshlutum.

Annað atriði sem Sigfús víkur að í formála verks síns er gamalt og úrelt orðafar. Oftar en ekki segist hann hafa rekið sig á það að orð, sem hann taldi löngu dottin upp fyrir, hafi lifað góðu lífi á vörum alþýðu manna. Þetta er reyndar ekki að undra um tungumál sem á sér langa og órofna rithefð því að iðulega má t.d. vekja gömul orð til nýs lífs. En einnig kemur fyrir að orð hverfa úr rituðu máli en reynast svo þegar nánar

²Blöndal: XI; sjá nánar G. Kvaran 1988:57–59.

er að gáð vera ósköp hversdagsleg orð í mæltu máli, a.m.k. um nokkurn hluta landsins.

Hvað sem þessum atriðum líður má vissulega ætla að í Blöndalsbók sé í raun að finna fjölmörg dæmi um mállýskubundin atriði. Fyrir hartnær fimmtíu árum gerði Jón Aðalsteinn Jónsson athugun á skaftfellskum mállýskuatriðum með stuðningi og sam-anburði við orðabók Blöndals. Honum taldist svo til að í verkinu öllu væru um 5.500 mállýskumerkt atriði og þar af töldust 800 vera skaftfellsk. Eftir athugun á vettvangi í Vestur-Skaftafellssýslu reyndust allir heimildarmenn Jóns kannast við um 100 þessara atriða. Þetta taldi hann skaftfellskan kjarna og kannaði nánar útbreiðslu þessara orða í nokkrum sveitum nágrannasýslunnar, Rangárvallasýslu: undir Eyjafjöllum, í Landeyjum, Þykkvabæ, Hvolhreppi og Landssveit (Jón Aðalsteinn Jónsson 1953). Í stórum dráttum má segja að eftir því sem fjær dró Vestur-Skaftafellssýslu þekktu heimildarmenn færri og færri þeirra atriða sem spurt var um. Þannig þekktu Austur-Eyfellingar allt að 60% þessara atriða en t.d. Þykkvæingar einungis tæplega 28%. Jón Aðalsteinn beindi einnig athugun sinni austur á bóginn. Þótt hún væri smærri í sniðum, sýndi hún sömu þróun: Heimildarmaður í Öræfum, vestustu sveit austursýslunnar, þekkti yfir 70% atriðanna en heimildarmaður í Lóni, austustu sveit sýslunnar, um 60%. Niðurstaða Jóns er sú að mállýskur séu hér til í orðaforða manna ekki síður en í framburði.

Eins og fram kom hér á undan getur Sigfús þess að orð og merkingar sem talin séu úrelt, lifi stundum í máli alþýðu. Eitt lítið dæmi af þessu tagi mætti nefna hér. Orðið *dauðyfli* hefur í orðabók Blöndals tvenns konar merkingu, annars vegar 'hræ' og er sú þýðing orðsins talin úrelt og merkt með krossi, †, hin merkingin er 'letiblóð, rola' og er alkunnug.³ Það er í sjálfu sér rétt að hræ-merkingin er gamalt mál. Hún kemur þegar fyrir í fornum textum en henni bregður einnig fyrir í síðari tíma ritum frá 17. og 18. öld. Í orðasafni úr fornum Árna Magnússonar⁴ er þess getið að merkingin 'hræ' sé algengt mál á Fljótsdalshéraði og að hinu sama vikur Jón Ólafsson úr Grunnavík í orðabók sinni og hefur eftir Árna. Af ummælum þeirra mætti ráða að þá þegar sé letiblóðs- og rolu-merkingin í orðinu alkunna þó að þeir geti þess ekki sérstaklega. En í heimildum frá 19. öld og síðan má glögglega sjá að hún er orðin ríkjandi. En er hræ-merkingin dauð og dottin upp fyrir? Fyrir hálfum öðrum áratug gafst tilefni til þess á Orðabók Háskólans að grennslast fyrir um hvort þessi merking orðsins þekktist enn og var nokkuð rætt um þetta í útvarpsþættinum „Íslenskt mál“. Undirtektir hlustenda við spurningum um merkingar orðsins voru góðar. Orðið *dauðyfli* reyndist vel þekkt í merkingunni 'hræ' á Austurlandi, bæði á Héraði og Fjörðum, einnig könnuðust Vopnfirðingar vel við þessa merkingu og hún þekktist suður í Skaftafellspingi og heimildir bárust um hana úr Rangárvallasýslu, undan Eyjafjöllum og út í Landeyjar. En úr því þekktu heimildarmenn ekki hræ-merkinguna í orðinu nema einn gamall og góður heimildarmaður úr Ölfusi. Á Suðvestur- og Vesturlandi þekktu heimildarmenn ekki hræ-merkinguna og hún var nánast óþekkt á Vestfjarðakjálkanum. Góðir og gegnir húnvetniskir heimildarmenn þekktu hana ekki og ekki heldur Skagfirðingar nema einn úr þeirra hópi komst svo að orði að *dauðyfli* merkti „naumast eða alls ekki“ hræ heldur daufingja, þ.e. daufgerðan mann eða skepnu. Þegar austur í Þingeyjarsýslur kemur,

³Sbr. einnig orðabók Menningar sjóðs 1963 og 1983.

⁴Árni Magnússon *Levned og Skrifur* II 238.

tekur hræ-merkingunni að bregða fyrir aftur en ýmsir S.-Þingeyingar geta einungis letiblóðs- og rolu-merkingarinnar eða taka fram að þeir þekki ekki hræ-merkinguna. Heildarmyndin er því sú að hræ-merkingin hefur lifað góðu lífi í mæltu máli fram til þessa á Austurlandi, segja mætti í Austurlandskjördæmi, og hennar gætir einnig á Suðurlandi annars vegar og hins vegar norður í Þingeyjarsýslum. Þess er svo rétt að geta að öllum heimildarmönnum hringinn í kringum landið var letiblóðs- og rolumerkingin bæði vel kunn og töm.

Eins og áður er getið er vissulega ástæða til að ætla að í Blöndalsbók sé í raun að finna fjölmörg dæmi um mállýskubundin atriði en þau þyrftu miklu nánari athugunar við. Ef til vill væri á þessu stigi einlægast að líta á hinar staðbundnu merkingar í orðabókinni einungis sem tilvísun til heimilda, hliðstætt og þegar vitnað er til rita og meta þær svo að þær séu einungis ábendingar um staðbundið orðafar eða mállýskueinkenni. Eins og áður hefur komið fram má ráða af orðum Sigfúsar sjálfs að honum var frá upphafi ljóst að öll slík afmörkun var annmörkum háð en efnið var mikið að vöxtum og merkilegt og hann vildi koma því til skila í samræmi við það viðhorf sem hann birti í formála verksins með þeim orðum að hann hafi lagt sig allan fram um að lýsa menningu íslensku þjóðarinnar í víðasta skilningi: þjóðtrú og siðum, verkfærum og verkmenningu og leitast við að forða frá gleymsku og glötun því sem var um það bil að hverfa, ýmist með lýsingum eða beinum tilvitnunum í prentaðar og óprentaðar heimildir. Hann vísar að þessu sama viðhorfi í bréfi til Stephans G. Stephanssonar frá árinu 1924⁵ þar sem hann ræðir um máláhuga sinn og málanám. Hann segist ekki vera *eiginlegur málfræðingur*; hinar ýmsu greinar málfræðinnar séu lítils virði í samanburði við *þýðingafraeðina* (semantik, semasiologi, sem sumir kalla). Hann kemst svo að orði:

..., málið og allt, sem málfræðivísindum tilheyrir, hefur mest verðmæti fyrir mig að því leyti sem ég á þann hátt get fengið ný verkfæri til að skyggjast inn í hugsunarhátt, sögu og menningu hvernar þjóðar. Og þú munt, ef þú gætir að, á hverri blaðsíðu í orðabókinni minni fá vott um það, að þetta hefur verið ríkjandi grundvallarstefnan hjá mér; þess vegna er svo margt þar af dæmum, sem sýna siði og menningu og hugsunarhátt í smáu og stóru hjá okkar litlu þjóð.

⁵Andvari 1969:117–118.